



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 127/533

komudagur 17. 12. 2001

Reykjavík, 14. desember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar, 286. mál.

Við er í bréf sjávarútvegsnefnd Alþingis frá 27. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp til laga.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tekur undir markmið frumvarpsins sem er að leita frekari leiða til þess að draga úr brottkasti á fiski. Hins vegar vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. er kveðið á um að ráðherra sé heimilt að gefa út reglugerð sem kveði á um notkun einstakra veiðarfæra þannig að veiðum verði þannig hagað að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Undir þetta geta samtökin tekið undir, en huga verður einnig að því að veiðarfæri séu notuð og gerð á þann hátt að þau skaði sem minnst þann fisk sem sleppur úr veiðarfærum.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. er skylt að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Aftur á móti getur ráðherra ákveðið í reglugerð hvaða fiski má kasta fyrir borð. Hér þarf huga að því að ekki öll fiskiskip eru þannig búin að þau geti hirt allan afla og haft þann sem telst skemmdur aðgreindan frá öðrum afla.

Virðingarfyllt

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson

Benedikt Valsson